

Ed.

114. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hafnarstað fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu frá Berufirði til Skinneyjarhöfða og víðar.

Máli þessu hefir háttvirt efri deild vísað til sjávarútvegsnefndar deildarinnar til athugunar, og vill nefndin leggja það til, að deildin samþykki tillöguna með viðaukatillögu þeirri, sem komin er fram á þingskjali 112, og gerir í framsögu nánari grein fyrir álitinu.

Efri deild Alþingis, 9. jan. 1917.

Kristinn Danielsson,
skrifari og framsögumaður.

M. J. Kristjánsson.

A fundi sinum í gær samþykkti fjárveitinganefnd efri deildar svo hljóðandi tillögu:

Nefndin samþykkir í einu hljóði að mæla með ofangreindri tillögu, með því að hún telur hjer um nauðsynjamál að ræða.

En þar sem engin kostnaðaráætlun liggur fyrir, sem telja verður stóran galla, þá treystir nefndin sjer ekki til að setja hámark fyrir fjárupphæð þeirri, er verja megi til rannsóknanna, en gerir ráð fyrir, að landsstjórnin muni stilla kostnaðinum við hóf.

Alþingi, 9. jan. 1917.

Eggert Pálsson,
skrifari fjárveitinganefndar.